



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 9. desember 2019

R19090030

0221

AK/TIA

Forsætisnefnd

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um táknmálstúlkun á fundum borgarstjórnar

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sem haldinn var þann 5.12.2019, lagði nefndin fram eftirfarandi bókun sem umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um táknmálstúlkun á fundum borgarstjórnar, sem send var aðgengis- og samráðsnefnd til umsagnar:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks tekur undir það sjónarmið að það sé gott og æskilegt markmið að tryggja aðgengi að fundum borgarstjórnar fyrir heyrnaskert og heyrnarlaust fólk. Nefndin vill þó koma því á framfæri að fólk með heyrnarskerðingu notar ekki endilega táknmál og því kunni að vera að rittúlkun á fundum borgarstjórnar væri nærtækara markmið sem myndi nýtast breiðari hópi, heyrnarlausum, heyrnarskertum sem og heyrnarskertum sem nota táknmál. Aðgengis- og samráðsnefnd vill jafnframt koma því á framfæri að enginn notandi táknmáls er nú í nefndinni og telur nefndin því að Félag heyrnarlausra sé betur til þess fallið að meta hvort æskilegt sé að forgangsraða fjármunum og mannafla í táknmálstúlkun borgarstjórnarfunda frekar en í aðra viðburði á vegum Reykjavíkurborgar. Leggur nefndin jafnframt til að tillagan verði einnig send Heyrnarhjálp, félagi heyrnarskertra á Íslandi, til umsagnar.

Með kveðju

Tómas Ingi Adolfsson
starfsmaður aðgengis- og samráðsnefndar